



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð 63. Fjórðungspings Vestfirðinga

Táknafirði 2. maí 2018

Miðvikudaginn 2. maí 2018, var 63. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Félagsheimilinu Dunhaga á Tálknafirði. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Pétur Georg Markan, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 13:30 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Pétur gerði þá að tillögu að þingforseti yrði Indriði Indriðason frá Tálknafirði og varaforseti yrði Friðbjörg Matthíasdóttir frá Patreksfirði.

Tillagan samþykkt og tók þingforseti Indriði Indriðason við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna og fór stuttlega yfir dagskrá þingsins

Þingforseti gerði þá tillögu að þingritarar yrðu Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt.

Þá bar þingforseti upp tillögu stjórnar FV að eftirfarandi nefnd:

Kjörbréfanefnd

Eva Dögg Jóhannesdóttir Tálknafirði formaður

Karl Kristjánsson Reykhólahreppi

Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ.

Fjármálanefnd

Indriði Indriðason Tálknafjarðarhreppi, Formaður

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað.

Tillagan samþykkt og tók kjörbréfa nefndin strax til starfa.

Hann gaf svo Pétri Markan orðið vegna skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á

Pétur Georg Markan formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni reifaði hann störf stjórnar á árinu, sem hefur verið með eindæmum starfsöm, kröftug og huguð. Skýrslan flutt í bundnu máli að hluta. Ljóð eftir Bjarna Halldórsson, Laufási og nefnist Sumarnótt. Stofnun Vestfjarðastofu hefur tekið tíma, skipulagskrafta og fjármuni. En með samræmdu hlutverki Fjórðungssambandi og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. munu sveitarfélög ná betur sameiginlegum markmiði frekar en hvert í sínu lagi. Nú þurfa Vestfirðingar og væntanlegir sveitarstjórnarmenn að skilgreina og þússa hlutverk hennar. Pétur kynnti sérstaklega Sigríði Kristjánsdóttur nýráðinn framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu sem „manninn í brúnni“ sem

tekið hefur hlutverk sitt föstum tókum. Formaður þakkaði síðan starfsmönnum FV fyrir áhuga og vilja til að fylgja málum eftir. Nefna bæri þar eftirfylgni með Umhverfissvottun Vestfjarða en starfsemi sveitarfélaganna var vottuð á síðasta hausti. Að öðrum ólöstuðum er verkefni Aðalsteins Óskarssonar mikið umfangs því til stendur að hefja svæðisskipulag fyrir alla Vestfirði og leiðir hann það starf. Hér verður ætíð að fylgja eftir málefnum og finna þeim farsæla lausn, burtséð frá persónum og leikendum. Pétur lauk máli sínum með síðasta erindinu í ofangreindu ljóði, þakkaði fyrir samstarf og minnti á að hann stígur nú sjálfur til hliðar sem formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða.

Að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 3

Þingforseti opnaði nú fyrir umræðu um skýrslu stjórnar en engin hvað sér hljóðs.

Þingforseti bar nú skýrslu stjórnar upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða

2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á

Þingforseti gaf næst Aðalsteini Óskarsyni orðið og fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2017 sem var staðfestur á stjórnarfundi 30. apríl s.l. og sendur sveitarfélögum sama dag. Hann kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi góða mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2017.

Aðalsteinn vakti athygli á því að samþykkt hans á ársreikningum er með fyrirvara endurskoðanda. Ástæðan er yfirsjón sem snýst um gjöld í lífeyrissjóði en lífeyrissjóðurinn Brú sendi reikning inn síðar en búist var við.

Heildartekjur sambandsins námu tekjur 280.388 þ.kr. en rekstrargjöld 280.565 þ.kr. þar af eru laun og launatengd gjöld 78.411 þ.kr. Rekstrarafkoma er neikvæð um 188.768 þ.kr., en að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda er hún jákvæð um 1.402 þ.kr. Heildareign sé samkvæmt efnahagsreikningi 239.812 þ.kr. í árslok 2017, en skuldir og skuldbindingar rúmum 199.180 þ.kr. Eigið fé nemur því 40.631 þ.kr.

Aðalsteinn óskaði eftir að ársreikningi yrði vísað til umfjöllunar fjárhagsnefndar.

Vestfjarðastofa glímdi við fleiri verkefni en gert var ráð fyrir og fór því fram úr áætlunum fyrir 2017. Veigamestu sérverkefnin eru Sóknaráætlun Vestfjarða. Allar tölur koma fram í ársreikningi og er vísað frekar í hann. Í áætlunum fyrir 2018 er gert ráð fyrir að umsvif aukist talsvert. Farið var yfir sérverkefni t.d. almenningsamgöngur og hvernig það verkefni var gert upp á núlli. Atvinnuþróun og nýsköpunarverkefni fengu 7 milj minna en áætlað var og er það vegna fækkunar starfsmanna en fjárhæðin mun haldast inni til sömu verkefna. Byggðapróunarverkefni eru rekin með innbyrðis tapi en fær fjármuni annars staðar frá rekstri svo að liðurinn núllist. Að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 4

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni orðið aftur og kynnti hann endurskoðaða fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2018. Vísast til þingskjals nr. 6. Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun fyrir 2018 í samanburði við áætlun sem samþykkt var á 2. haustþingi í september 2017. Við gerð áætlunar var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2017 og stöðu bókhalds í lok apríl 2018. Þetta fyrirkomulag hefur sýnt fram á vissan vanda, nefndinni ber að skoða ársreikning og gera athugasemdir um áætlun í framhaldi. Aðalsteinn benti á ákvörðun um árstíllag þurfi að fresta til haustþings. Einnig ætti að koma til greina að taka liði fjárhagsáætlunar til umfjöllunar á vettvangi sveitarstjórna, til dæmis framlög til þinga. Í áætlun er gert ráð fyrir að í sjóði verkefna renni fjármunir sem færast frá árinu 2016 og 2017. Einnig hafa bæst við ný verkefni, t.d. umsjón vegna brothættra byggða. Miðað er við að tekjur og rekstur haldist mjög náð í hendur þannig að einskis rekstrarafgangs verði að vænta. Bæta verður rekstur sambandsins þannig að rekstrarafgangur sé til staðar frá ári til árs.

Óskaði Aðalsteinn um að endurskoðaðri fjárhagsáætlun yrði vísað til fjármálanefndar og þakkaði stjórn FS, VF og starfsmönnum.

Að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 5 og 6.

Orðið gefið laust um endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2018 og ársreikning 2017, enginn tók til máls. Þingforseti bar upp tillögu um að vísa ársreikningi 2017 og endurskoðaðir fjárhagsáætlun 2018 til fjármálanefndar. Tillagan samþykkt.

Varaforseti Friðbjörg Matthíasdóttir tók við þingformennsku og biður formann kjörbréfanefndar Evu Dögg að gera grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Eva Dögg gerði grein fyrir að heildaratkvæði sem mætt var fyrir voru 8.316,51 af 9.133 atkvæðum. Árneshreppur sendi enginn fulltrúa og féllu þeirra atkvæði niður, alls 129 atkvæði eins féllu niður 541,20 atkvæði hjá Strandabyggð, þar sem fulltrúar sveitarfélagsins voru ekki með umboð frá forfölluðum fulltrúum og hið sama gildi um 146,29 atkvæði hjá Vesturbygg þar sem einn fulltrúi forfallaðist og engin var með hans umboð.

4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns.

Liður fellur niður í samræmi við 5. og 9. greinar samþykktar sem fresta kosningu til haustþings Fjórðungssambandsins á kosningarári sveitarstjórnarkosninga.

5. Kosning í fastanefndir.

Liður fellur niður í samræmi við 5. og 9. greinar samþykktar sem fresta kosningu til haustþings Fjórðungssambandsins á kosningarári sveitarstjórnarkosninga.

6. Laun og þóknun til stjórnna og nefnda.

Forseti lagði fram tillögu til 63. Fjórðungsping Vestfirðinga þess efnis að ákvörðun um laun og þóknun stjórnar yrði vísað til 3. haustþings FV. Forseti bar tillöguna upp til samþykkis og var hún samþykkt samhljóða.

7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis

Tillaga til 63. Fjórðungspings Vestfirðinga:

Stjórn gerir tillögu um að áframhaldandi samningur verði gerður við Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Forseti bara tillöguna upp til samþykkis og var hún samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Pétur Markan bar upp tillögu til 63. Fjórðungspings Vestfirðinga. Hún fjallar um að beina því til sveitarstjórna að svara kalli og stinga upp á stað og málefnum sem tekin verða fyrir á haustþingi.

Guðrún Stella Gissurardóttir Bolungarvíkurkaupstað tók til máls. Hún benti á að nú væri vettvangur til að skoða hvernig líklegt er að atvinnuhættir í sveitarfélögum breytast ört samfara tæknivæðingu. Ef til vill hentar að ræða slík mál á næstu þingum, einnig skólamál.

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ stakk upp á að tekin yrði upp umfjöllun um sviðmyndagreiningu fyrir Vestfirði og fjalla þannig um horfur um þróun byggðar.

Sigríður Kristjánsdóttir fjallaði meira um sviðmyndagreiningu og benti á að í þeirri vinnu yrði boðið til samtals um framtíð Vestfjarða ekki einungis á Fjórðungspingi. Í henni ættu að taka þátt íbúar Vestfjarða og taka þannig á þeim málum sem fjallað er um utan svæðis. Slík umræða gæti mildað þá svart-hvítu mynd sem dregin hefur verið upp.

Formaður bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Kaffihlé

Þingforseti setti þingið aftur og gerði hann grein fyrir nefndarstörfum fjármálanefndar. Nefndin benti á að millifærslur á milli deilda ættu að vera settar fram með öðrum hætti en nú er gert.

Þingforseti lagði svo til að Ársreikningur og Fjárhagsáætlun yrði samþykkt. Lagt fram til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál löglega fram borin

a) Tillaga lögð fram um breytingu á 4. gr. samþykta FV -Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi. Forseti þingsins las upp tillögu millipinganeftdar sem lögð var fram á 2. haustþingi 2017. Sjá þingskjal 8

Tillaga til 63. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Tillögur til breytinga á 4. gr. samþykta FV.

Millipinganefnd FV leggur til breytingar á fyrirkomulagi og á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga:

1. Að útgáfa kjörbréfa í núverandi mynd verði hætt.
2. Að núverandi 4. gr. samþykktu FV falli niður en í þess stað komi ný 4. gr. sem verði:

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir fulltrúar á þing landshlutasamtakanna eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra til jafnmargra ára.

A- hluti tillögunnar

Sveitarstjórn skipar fjölda fulltrúa sína með atkvæðisrétti á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eftirfarandi:

- Sveitarfélög með 400 íbúa eða færri - 1 fulltrúa.
- Sveitarfélög með 401-2000 íbúa - 3 fulltrúa.
- Sveitarfélög með 2001 íbúa og fleiri - 5 fulltrúa.

Leitast skal við að fulltrúar meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar séu kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti, sé því við komið. Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra í forföllum aðalmanna hafa rétt á að sækja þing Fjórðungssambands Vestfirðinga með málfrelsi og tillögurétti.

B- hluti tillögunnar

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga er: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði og er miðað við íbúafjölda á áramótum.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds.

Þingforseti opnaði umræðu varðandi tillögu millipinganefndar

Þórir Sveinsson, Vesturbyggð tók til máls og gerði grein fyrir nýjum tillögum millipinganefndar.

Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbæ tók til máls og kom með tillögur til breytinga á 4. grein samþykktu

Tillaga til 63. Þings Fjórðungssambands Vestfjarða til breytingar á 4. grein samþykktar hljóðar svo:

4.gr Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi

Fulltrúar á Fjórðungsping eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað.

Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfalldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtalan ákvarðast þannig:

- Sveitarfélög með 500 íbúa eða færri – Vogtala 2.0
- Sveitarfélög með 501 til 2000 íbúa – Reiknuð vogtala á bilinu 1 til 2, með þremur aukastöfum. Formúlan fyrir vogtölunni er 2000 deilt með íbúatölunni og tekin kvaðratrót af útkomunni.
- Sveitarfélög með yfir 2000 íbúum – 1,0

Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi fékk orðið og sagðist hlynntur b hluta tillögu millipinganevndar og styður þann hluta hennar en mæltist til að a hlutanum verði hafnað.

Guðrún Stella Gissurardóttir Bolungarvíkurkaupstað fjallaði um a hluta, tillögu millipinganevndar og sagðist ekki geta stutt hana. Fjallaði um tillögu Sigurðar og bað hann um að útskýra hana frekar.

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ fékk orðið og tók dæmi varðandi tillögu sína um útkomu þeirrar reiknireglu sem lögð var til einkum er varða íbúatölur um og yfir 1000. Samkvæmt hans skýringum munu mörk í íbúafjölda á atkvæðavægi detta út.

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað fékk orðið og sagðist styðja tillögu b en ekki a.

Daniel Jakobsson, Ísafjarðarbæ, styður tillögu b millipinganevndar, ekki a.

Þórir tók aftur til máls og fjallaði um tillögu Sigurðar og millipinganevndar.

Sigurður fékk orðið og fjallaði um tillögu millipinganevndar.

Kosning fór fram með handauppréttingu um breytingatillögu Sigurðar og var vogtala notuð til að reikna út niðurstöðu og var tillagan felld með 4607,38, atkvæðum af 8316,51 gildum atkvæðum. Með tillögunni voru 2970,24 atkvæði . Þeir sem sátu hjá voru með 738,89 atkvæði.

Ásgeir Jónsson bað um að kostið væru um tillögu millipinganevndar í tvennu lagi a og b hluta og var það samþykkt.

Kosið var um **tillögu a**, með handauppréttingu og fór kosning þannig að henni var hafnað með öllum greiddum atkvæðum.

Kosið var um tillögu b með handauppréttingu og var tillagan samþykkt, samtals 8136 greiddum atkvæðum var tillagan samþykkt með 5019,27 atkvæðum af 8317.71 gildum atkvæðum. Á móti voru 1562,66 atkvæði, þeir sem sátu hjá voru með 1734,58 atkvæði.

Tillagan því samþykkt og verður breyting á 4. grein samþykkt Fjórðungssambandsins og er breytingin eftirfarandi:

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi

Hljóðaði svo

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1000 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsping

Verði

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds. Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsping

Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ bað um orðið hann benti á að í stjórn Vestfjarðastofu ættu að sitja sömu menn og eru í stjórn Fjórðungssambands. Væri mikilvægt að fastsetja það með greinilegum hætti.

Var þá komið að lokum þingsins.

Forseti þingsins, Indriði Indriðason gaf þá Pétri Markan formanni stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga orðið. Hann þakkaði forsetum þingsins fyrir góða fundarstjórn. Hann fjallaði um Guðjón Arnar Kristjánsson sem féll frá fyrir skömmu. Guðjón vann gott og þarft verk í þágu verkalyðsbaráttunnar á Vestfjörðum og síðar á vettvangi stjórn mála. Hann bað þingmenn að minnast þessa öfluga stjórn málamanns. Hann þakkaði fyrir þingið og var því slitið kl. 16:25.

Indriði Indriðason, þingforseti
(sign)

Lína Björg Tryggvadóttir, þingritari
(sign)

María H Maack, þingritari
(sign)

Þingskjal 1.**DAGSKRÁ**

Dagskrá þingsins verður samkvæmt samþykktum Fjórðungssambandsins.

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningaári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningaári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
9. Önnur mál löglega fram borin

Rétt er að vekja athygli á því að 4. og 5. liður dagskrár er ekki virkur á þessu þingi þar sem kosningar til sveitarstjórnar verða í maí. Er það samkvæmt 5. og 9. Gr. samþykktu.

Einnig er vakin athygli á að þennan sama dag þann 2. maí, verður haldinn ársfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, frá kl 10:30 á sama stað.

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið, slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Fjórðungssambandsins á vefslóðinni

http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/63_fjordungsting_2018/

Þingslit eru áætluð um kl. 16.30

Þingskjal 2 Atkvæðavægi**Atkvæðavægi sveitarfélaga á 63. Fjórðungspingi Vestfirðinga**

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2018

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkv
Reykholahreppur	275	2,0	550	6,02%
Vesturbyggð	1024	1,0	1.024	11,21%
Tálknafjarðarhreppur	244	2,0	488	5,34%
Bolungarvíkurkaupstaður	945	1,5	1.418	15,52%
Ísafjarðarbær	3707	1,0	3.707	40,59%
Súðavíkurhreppur	196	3,0	588	6,44%
Árneshreppur	43	3,0	129	1,41%
Kaldraneshreppur	109	3,0	327	3,58%
Strandabyggð	451	2,0	902	9,88%
<i>Samtals</i>	6.994		9.133	100,00%

Fjöldi sveitarfélaga: 9

Ísafirði 17. apríl 2018

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungspingi og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungspingi og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1000 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungspingi.

Þingskjal 3 Skýrsla stjórnar

Skýrsla framkvæmdastjóra um rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2017

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga var samþykktur í stjórn þann 30. apríl 2018 og er lagður fram til staðfestingar Fjórðungspings Vestfirðinga. Ársreikningurinn var sama dag staðfestur af endurskoðanda sambandsins og vísast til áritunar endurskoðanda með ársreikningi.

Helstu niðurstöður ársreiknings og skýringar verða raktar hér á eftir, en auk þeirra er að rétt að vekja athygli á, að í skýrslu stjórnar er tilgreindar tryggingarfræðilegar forsendur lífeyrisskuldbindingar FV vegna B deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, nam hún 47,2 mkr í lok árs 2017. Skuldbinding er ekki færð í ársreikninginn. Á árinu kom einnig til áætluð lífeyrisskuldbinding vegna Lífeyrissjóðsins Brúar, um 5,8 mkr en hún er færð í efnahagsreikning FV.

Helstu niðurstöðu tölur ársreiknings FV fyrir árið 2017 eru sem hér segir.

Rekstartekjur námu 280,3 mkr og höfðu hækkað um tæpar 20 mkr frá 2016 en hækka um 8 mkr frá áætlun. Samsetning tekna viku frá áætlun, sökum þess að verkefni í vinnslu frá árinu 2016, fóru minna í framkvæmd en á móti komu ný verkefni m.a. hjá Markaðsstofu.

Rekstargjöld námu 280,6 mkr og hækkuðu um 25 mkr frá árinu 2016 og um 13 mkr miðað við áætlun. Launa og launatengd gjöld hækkuðu um 20 mkr sem skýrist af auknum verkefnum og ráðningu starfsmanna þeim tengdum. Samkvæmt skýringu nr 6 í ársreikningi eykst meðalfjöldi starfa úr 4 í 5,7 sem skýrir þá hækkun og eins eru laun stjórnar og nefnda FV þarna lögð saman við. Annar skrifstofukostnaður hækkar í takt við aukna starfsemi, eða um 7 mkr frá árinu 2017 og 3 mkr miðað við áætlun. Kostnaður við sérverkefni er 164 mkr, stendur í nær í stað á milli ára 2016 og 2017, en er um 9 mkr lægri frá áætlun. Veigamestu sérverkefni er Sóknaráætlun Vestfjarða með um 82 mkr, þjónustusamningur við Atvest um atvinnuþróun og ráðgjöf við sveitarfélög með um 36 mkr og almenningssamgöngur 35 mkr.

Rekstarniðurstaða ársins 2017 að teknu tilliti til fjármagnstekna og gjalda er um 1,4 mkr hefur lækkað um 6 mkr frá árinu 2016 en lækkar um 3 mkr frá áætlun.

Efnahagsreikningur; fastafjármunir nema um 12 mkr og veltufjármunir 228 mkr, samtals nema eignir um 240 mkr. Eigið fé nemur 41 mkr en skuldir 199 mkr og samtals skuldir og eigið fé um 240 mkr.

Sjóðsstreymi. Handbært fé frá rekstri lækkar á milli ára úr 28 mkr í 13 mkr vegna lækkunar verkefnafjármagns sem hefur verið áður fært á milli ára. Fjárfestingahreyfingar eru um 8 mkr, vegna kaupa á hlutafé í Atvest 2,2 mkr og fyrirframgreidda lífeyrisskuldbindingar um 6 mkr. Í heild hækkar handbært fé um 5 mkr og er í árslok 116 mkr.

Með ársreikningi fylgja skýringar í 7 liðum og sundurliðun á rekstrardeildir FV.

Vakin er athygli á áritun í skýringu nr 3 er varðar eignahlut FV í Atvest sem nemur nú 51,36 % en var 34,29%. Skýring nr 6, sundurliðar laun og launatengd gjöld, greidda

lífeyrisskuldbindingu til LSR og breytingu á áunnu orlofi. Hér eru innifalin laun stjórnar og nefnda FV.

Sundurliðun á rekstri deilda,

Almenningssamgöngur. Á þessu ári rennur út samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur. Ekki tekist að reka verkefnið sem skyldi og hefur fjármagn safnast upp á síðustu árum, nemur það 6,8 mkr í árslok og flyst til ársins 2018.

Atvinnuþróun og nýsköpun. Vakin er athygli á að um framlög lækka um 7,4 mkr þar sem FV heldur eftir þeirri fjárhæð af þjónustusamningi við Atvest og verður ráðstafað á árinu 2018. Annar skrifstofukostnaður hækkar vegna aðkeyptar verktaka fyrir verkefni sem unnið var í samvinnu við Atvest vegna úttekta á samfélaglegum áhrifum fiskeldis við Ísafjarðardjúp.

Byggðaðróun. Hér er stærsta verkefnið tengt umhverfisvottun, eins eru verkefnið Brothætt byggð og svæðisskipulag. Deildin er rekin með tapi sem jafnað er með flutningi fjármagns af rekstri skrifstofu og menningar.

Markaðsstofa. Umsvif jukust á árinu 2017 með nýjum verkefnum, DMP verkefni og kjarnaveitur. Verkefnið flytjast að hluta til ársins 2018 og færast fjármagn því á milli ára, eða 7,5 mkr.

Menningarmál. Dregið var tímabundið úr umsvifum menningardeildar vegna verkefna á sviði byggðaðróunar og í sóknaráætlun. Hluti framlaga færast á milli ára um 9,5 mkr og eins er fært fjármagn á aðrar deildir 6 mkr. Vænst er að geta flutt fjármagn frá öðrum deildum þegar umsvif á menningardeild aukast að nýju.

Sóknaráætlun. Verkefnið er stærsta verkefni FV er varðar fjármagn og eins er rekstur íþyngjandi þar sem ekki samningur við ráðuneyti heimilar ekki nema 8 mkr í rekstur deildarinnar sem nemur um 14 mkr. Þessum mismun er mætt með framlögum af rekstri skrifstofu. Vakin er athygli á að vextir af fjármunum sóknaráætlunar skal haldið aðskildum frá öðrum fjármagnstekjum.

Rekstur skrifstofu. Hér fellur til rekstur stjórnar, nefnda, samráðshópa og framkvæmdastjórnar og þing og fundi á vegum FV. Stærsta einstaka verkefnið á árinu 2017 var vinna að stofnun Vestfjarðastofu ses. Hækkar það annan skrifstofukostnað innan ársins eða um 6 mkr, en hér er einnig fjárfesting í mótun framtíðarsýnar Vestfjarðastofu og rekstaráætlun fyrir hina nýju stofnun.

Þingskjal 4 Ársreikningur

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	Áætlun 2017	2016
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	272.362.521	242.096.000	243.658.069
Aðrar tekjur	8.026.056	29.507.200	17.786.059
	<u>280.388.577</u>	<u>271.603.200</u>	<u>261.444.128</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launategd gjöld	6 78.411.507	60.203.000	58.503.251
Annar skrifstofukostnaður	39.636.736	36.322.000	32.534.083
Kostnaður vegna sérverkefna	162.517.534	171.050.000	164.099.799
	<u>280.565.777</u>	<u>267.575.000</u>	<u>255.137.133</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir	(177.200)	4.028.200	6.306.995
Afskriftir fastafjármuna	<u>(11.568)</u>	<u>0</u>	<u>(140.354)</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld)	(188.768)	4.028.200	6.166.641
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	7 1.591.598	200.000	1.373.567
Rekstrarafkoma	<u>1.402.830</u>	<u>4.228.200</u>	<u>7.540.208</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	2		
Eignarhl. í búnaði Þróunarseturs		46.271	57.839
Bifreið		0	503.574
		<u>46.271</u>	<u>561.413</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur	3		
Eignarhlutar í félögum		6.151.601	4.000.000
Stofnfé í sjálfseignarstofnunum		300.000	300.000
Fyrirfr.gr.langtímakostnaður, líf.sj.		5.578.630	0
		<u>12.030.231</u>	<u>4.300.000</u>
Fastafjármunir		<u>12.076.502</u>	<u>4.861.413</u>

Veltufjármunir

Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir	4	110.133.899	35.669.572
Aðrar skammtímakröfur		1.902.596	0
		<u>112.036.495</u>	<u>35.669.572</u>

Handbært fé

Fyrirtækjareikningur		96.002.168	12.286.408
Sjóðsbréf		1.837.962	1.738.837
Bankabækur		17.859.107	96.694.103
		<u>115.699.237</u>	<u>110.719.348</u>

Veltufjármunir		<u>227.735.732</u>	<u>146.388.920</u>
-----------------------	--	--------------------	--------------------

Eignir		<u>239.812.234</u>	<u>151.250.333</u>
---------------	--	--------------------	--------------------

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 1/1		39.228.590	31.688.384
Rekstrarafkoma		1.402.830	7.540.208
Eigið fé	5	<u>40.631.420</u>	<u>39.228.592</u>

Skuldir:

Viðskiptaskuldir		13.213.168	16.472.040
Óhafnir styrkir Uppbyggingarsjóðs		46.056.969	39.380.000
Ógreidd laun og launatengd gjöld		19.516.239	6.382.037
Ógreiddar ýmsar skammtímaskuldir		9.182.560	4.397.875
Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur		111.211.878	45.389.789
Skuldir		<u>199.180.814</u>	<u>112.021.741</u>

Skuldir og eigið fé		<u>239.812.234</u>	<u>151.250.333</u>
----------------------------	--	--------------------	--------------------

Sjóðsstreymi árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma ársins		1.402.830	7.540.208
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		11.568	140.354
Sölutap (söluhagnaður).....		353.573	0
Veltufé frá rekstri		<u>1.767.971</u>	<u>7.680.562</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun)		(76.366.923)	(2.974.046)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun		87.159.072	23.279.096
Handbært fé frá rekstri		<u>12.560.120</u>	<u>27.985.612</u>
Seld bifreið		150.000	0
Keypt hlutabréf		(2.151.601)	0
Fyrirframgr.lífeyrissj. Skuldn.		(5.578.630)	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(7.580.231)</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		4.979.889	27.985.612
Handbært fé í upphafi árs		<u>110.719.348</u>	<u>82.733.736</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>115.699.237</u></u>	<u><u>110.719.348</u></u>

Þingskjal 5 Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.**63. Fjórðungsping Vestfirðinga. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018**

	Endurskoðuð áætlun 2018	Áætlun 2018 2. haustþing	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Framlög, styrkir og aðrar tekjur	403.480.000	290.780.000	280.388.577	261.444.128
Laun og launat.gjöld	85.290.000	77.765.000	78.411.507	58.503.251
Skrifstofukostnaður	47.715.000	33.792.000	39.636.736	32.534.083
Kostnaður vegna sérverkefna	270.420.000	179.220.000	162.517.534	164.099.799
	403.425.000	290.777.000	280.565.777	255.137.133
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir	55.000	3.000	-188.768	6.306.995
Afskriftir	0	0	-11.568	-140.354
Fjármunatekjur og gjöld	0	0	1.465.854	1.373.567
Rekstrarafkoma	655.000	403.000	1.277.086	7.540.208

63. Fjórðungsping Vestfirðinga**Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.**

Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er hér lögð fram til afgreiðslu 63. Fjórðungspings Vestfirðinga í samræmi við samþykktir. Með breyttum samþykktum frá árinu 2016 eru nú haldin tvö þing, Fjórðungsping og haustþing, þar sem fjármál Fjórðungssambandsins eru til afgreiðslu. Í samþykktum er gert ráð fyrir skipan fjárhagsnefndar sem fjalli um ársreikning og fjárhagsáætlanir Fjórðungssambandsins á þingum þess og er það ákvæði úr eldri samþykktum. Eftir að hafa reynt á þessa nýja fyrirkomulag með tveim þingum á síðustu tveim árum þá er kominn upp ákvæðin vandi, sem felst í að fjárhagsnefnd sem starfar á Fjórðungspingi hefur í dagskrá þingsins lítið sem ekkert svigrúm innan þingsins að fjalla um þau mál sem vísað er til nefndarinnar. En til skýringar þá er það hlutverk nefndarinnar að fjalla um ársreikning síðasta starfsárs og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir starfsárið. Á haustþingi hefur nefndin meira svigrúm en þar er fjallað um fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár m.a. ákvörðun um framlög aðildarsveitarfélaga og koma þær ákvarðanir þá beint inn í fjárhagsáætlunargerð aðildarsveitarfélaga.

Þeirri hugmynd er hér varpað fram til umhugsunar, að fjárhagsnefnd verði gerð að einni fastanefndum og starfi á milli þinga en hlutverk nefndarinnar verði þá einnig settar starfsreglur sem skýri samskipti nefndarinnar við stjórn og framkvæmdastjóra. En eins má endurhugsa þetta fyrirkomulag frá grunni og hvort færa eigi þetta hlutverk inn á samráðsvettvang sveitarfélaganna og tengja þannig betur við umfjöllun um verkefni og framlög sem sveitarfélögin veita til Fjórðungssambandsins.

2. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og liggur hún hér frammi til samanburðar við endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Rétt er að vekja athygli á að hér er í raun um 70 – 80 % af rekstri Vestfjarðastofu ses sem nú hefur tekið til starfa með samruna á starfsemi FV og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Atvest). Formlega á eftir að ganga frá samningum um fjárstreymi í þeim verkefnum sem verða í umsjón Vestfjarðastofu fyrir hönd FV. Stefnt er að þeim samningum verði lokið fyrir mitt þetta sumar en það er mikilvægt fyrir vinnu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

Framlög, styrkir og aðrar tekjur hækka um 112 mkr, sem er að meginhluta framlög sem færast á frá árinu 2017 og í grunninn fjárstraumur í gegnum rekstur FV. Hér er um að ræða viðbótarframlag sóknaráætlunar 63 mkr, 28 mkr vegna áhersluverkefna í vinnslu og bundinna verkefna sem Fjórðungssambandið hefur umsjón með. Nýtt verkefni kemur inn á árinu er varðar umsjón með Brothættum byggðum, 7 mkr. Framlag til atvinnu og byggðaðróunar vegna lækkunar framlags til Atvest á árinu 2017 sem nema 7,4 mkr og að lokum eru 7 mkr sem er áætluð hækkun á framlögum og endurgreiddur kostnaður. Sá má nánari sundurliðun á þessu fjármagni eftir deildum gögnum þingsins.

Laun og launatengd gjöld hækka um 7 mkr að meginhluta vegna verkefnisins Brothættar byggðir.

Skrifstofukostnaður hækkar um 14 mkr, sem skýrist af óráðstöfuðu fjármagni frá fyrra ári; verkefni í almenningsamgöngum 7 mkr, verkefni í menningarmálum 3 mkr, verkefni í byggðþróun 3 mkr og 1 mkr ýmis kostnaður.

Kostnaður vegna sérverkefna hækkar um 91 mkr, sem er í raun fjárstraumur í gegnum rekstur FV. Hér er um að ræða viðbótarframlag sóknaráætlunar 63 mkr og 28 mkr áhersluverkefni í vinnslu og bundin verkefni sem Fjórðungssambandið hefur umsjón með.

Niðurstaða rekstrar er að gjöld og tekjur haldast í hendur og rekstarafgangur rétt yfir núllið. Er þetta annað árið í röð sem rekstur FV er gerður upp með þessari niðurstöðu, sem er ósættanlegt til lengri tíma lítið. Vekja ber einnig athygli á að 28 mkr er sett til vinnslu áhersluverkefna og bundin verkefni sem greiða hluta af launum og rekstri skrifstofu og verður þetta fjármagn uppuríð á árinu 2018. En meginhluti áhersluverkefna sem nú eru á vegum FV í dag renna út á árinu 2018 og þarf nú sumar og haust að meta áframhald þeirra eða ný og önnur verkefna. Hinsvegar eru tækifæri í sameiningu verkefna Atvest og Fjórðungssambands undir starfsemi Vestfjarðarstofu ses, jafnt til nýtingar mannauðs og þess fjármagns sem lagt er til starfsseminnar.

Í endurskoðari fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir að stærri ákvarðanir séu teknar s.s. um hækkun framlaga, en taka verður á þessu máli við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og vinna náið með sveitarfélögunum.

Eins og sagt var í upphafi þá er þessi áætlun að meginhluta fjárhagsáætlun okkar nýju Vestfjarðastofu ses og ljúka þarf samhliða gerð samninga um fjárstrauma verkefna FV til Vestfjarðastofu. Þetta er Sóknaráætlun Vestfjarða, atvinnu og byggðapróun, menningarmál, markaðsmál, umhverfismál og skipulagsmál. Hér kæmi þá einnig fram hvernig vinna eigi að því að setja í framkvæmd áherslur aðildarsveitarfélaga FV þessum sameiginlegu málaflokkum, til styttri og lengri tíma litið.

Ársreikningi 2017 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2018 er hér með vísað til umræðu og afgreiðslu 63. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Þingskjal 6 Sundurliðanir á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2018.

63. Fjórðungsping Vestfirðinga - Sundurliðanir á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2018.

	Endurskoðuð áætlun 2018	Áætlun 2018	2017	2016
Almenningssamgöngur				
Styrkur vegna almenningssamgangna	29.100.000	28.100.000	29.070.057	27.653.256
Styrkur vegna þróunar almenningssamgangna	10.250.000	3.250.000	10.249.996	8.249.996
Ónotaðir styrkir f.f.ári	6.800.000	1.200.000	4.300.000	4.300.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	0	0	(6.800.000)	(4.300.000)
Tekjur samtals	46.150.000	32.550.000	36.820.053	35.903.252
Laun og launatengd gjöld	1.495.000	1.495.000	897.372	1.086.383
Sérleyfisakstur aðkeyptur	16.900.000	11.650.000	14.739.973	14.010.354
Samningsgreiðsla v/alm.samgangna SSV	12.800.000	12.200.000	12.603.552	11.983.998
Vesturbýggð v. þróunar almenningssamgangna	7.000.000	5.000.000	7.000.000	5.000.000
Þróun almenningssamgangna	6.900.000	0		
Annar skrifstofukostnaður	1.079.000	579.000	1.541.451	423.453
Gjöld samtals	46.174.000	30.924.000	36.782.348	32.504.188
Rekstramiðurstaða	(24.000)	1.626.000	37.705	3.399.064
Atvinnu og nýsköpunarmál				
Framlag sveitarfélaga til Atvest	6.500.000	6.500.000	6.500.004	6.498.992
Framlag Byggðastofnunar til Atvest	41.270.000	41.270.000	41.270.000	40.898.143
Framlag Jöfnunarsjóður	0	800.000	0	750.000
Millifært á milli deilda	0		2.649.037	
Annar endugreiddur kostnaður	0		719.500	
Ónotaðir styrkir fluttir fyrra árs				
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	7.400.000	0	(7.364.542)	
Tekjur samtals	55.170.000	48.570.000	43.773.999	48.147.135
Laun og launatengd gjöld	1.340.000	1.320.000	2.448.370	1.166.998
Framlag til Vestfjarðastofnu (áður Atvest)	55.170.000	47.770.000	32.985.458	47.398.143
Annar skrifstofukostnaður	50.000	200.000	4.901.004	249.838
Gjöld samtals	56.560.000	49.290.000	40.334.832	48.814.979
Rekstramiðurstaða	(1.390.000)	(720.000)	3.439.167	(667.844)
Byggðapróun				
Verkefnaframlög	0	1.000.000	0	800.000
Umhverfissvottun sveitarfélaga	2.000.000	2.000.000	1.999.992	1.999.992
Framlag frá Sóknaráætlun Vestfjarða (áhersluverkefni)	3.550.000	3.550.000	2.200.000	2.200.000
Framlög Jöfnunarsjóðs til sóknaráætlunar	1.700.000	1.000.000	700.000	1.750.000
Framlag frá almennu framlagi sveitarfélaga til FV	2.280.000	2.280.000	8.164.903	
Endurgr. útl kostnaður	360.000	360.000	5.100	436.436
Framlag Byggðastofnunar v. Brotthætt byggðs	7.650.000	850.000	850.000	4.300.000
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári	2.300.000	0	300.000	3.619.200
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	0	0	(2.305.000)	(300.000)
Tekjur samtals	19.840.000	11.040.000	11.914.995	14.805.628
Laun og launatengd gjöld	13.705.000	7.890.000	7.978.281	7.397.242
Greiddir styrkir / aðkeypt þjónusta	2.700.000	0		
Annar skrifstofukostnaður	2.325.000	2.925.000	3.936.714	7.614.966
Gjöld samtals	18.730.000	10.815.000	11.914.995	15.012.208
Rekstramiðurstaða	1.110.000	225.000	0	(206.580)

63.FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Pinggerð

Haldið 2. maí 2018 í félagsheimilinu Dunhaga á Tálknafirði

Markaðsstofa

Framl sveitarfél. til Markaðsstofu	6.800.000	6.800.000	6.800.004	6.800.504
Framl. ríkisins til Markaðsstofu	22.800.000	25.900.000	9.720.000	18.862.000
Markaðsátak sveitarfélaga 2014-2016		0		7.000.004
Verkefnastyрkir	0	0	2.000.000	0
Framlag frá Sóknaráætlun Vestfjarða (áhersluverkefni)	5.800.000	5.800.000	5.800.000	5.800.000
Árgjald Markaðsstofu	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.592.242
Aðrar tekjur	1.700.000	900.000	819.883	1.536.197
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári	7.500.000	7.500.000	18.750.000	8.500.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	0	0	(7.495.336)	(18.750.000)
Tekjur samtals	46.000.000	48.300.000	37.794.551	31.340.947
Laun og launatengd gjöld	25.310.000	25.310.000	22.733.653	12.366.543
Aðkeyptir verktakar	3.600.000	3.600.000	4.195.138	4.992.370
Kostnaður v/markaðsátaks sveitarf. 2014-2016				5.485.606
Sýningar, markaðsmál og annar skrifstofukostnaður	15.850.000	14.341.000	10.394.710	5.377.255
Gjöld samtals	44.760.000	43.251.000	37.323.501	28.221.774
Rekstramiðurstaða	1.240.000	5.049.000	471.050	3.119.173

Meningarmál

Framlag sveitarfélaga v/Meningarsamnings	1.990.000	1.990.000	1.989.919	1.389.262
Framlag sveitarfélaga til Sóknaráætlunar v. menningarmála	7.910.000	7.910.000	7.910.000	8.510.750
Aðrar tekjur/ endurgr. Kostnaður	0	0	59.024	436.436
Millfært milli deilda			(6.113.940)	
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	(1.989.997)	(1.989.997)
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári	10.400.000	2.000.000	14.889.997	13.814.997
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	(3.200.000)		(8.488.071)	(10.325.000)
Tekjur samtals	17.100.000	11.900.000	8.256.932	11.836.448
Laun og launatengd gjöld	8.790.000	7.950.000	6.059.557	6.600.806
Greiddir styrkir				0
Annar skrifstofukostnaður	7.806.000	4.006.000	1.804.350	2.776.880
Gjöld samtals	16.596.000	11.956.000	7.863.907	9.377.686
Rekstramiðurstaða	504.000	(56.000)	393.025	2.458.762

Sóknaráætlun

Framlag Jöfn.sjóðs v/Sóknaráætlunar	2.000.000	1.000.000	1.950.000	3.768.185
Framlag til Sóknaráætlunar	97.650.000	97.650.000	107.666.571	91.850.000
Viðaukasamningur v/Sóknaráætlun	63.000.000	0	63.300.000	
Framlag til annara verkefni FV		0	(10.500.000)	(8.000.000)
Framlag v/áhersluverkefna í menningarmálum frá sveitarf.	7.910.000	0	7.910.000	8.510.750
Framlag v/áhersluverkefna í menningarmálum	(7.910.000)	0	(7.910.000)	(8.510.750)
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári	12.950.000	1.700.000	7.090.542	4.689.792
Fyrirfram innheimtar tekjur		0		(1.749.792)
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	0	0	(73.418.932)	(5.400.000)
Tekjur samtals	175.600.000	100.350.000	96.088.181	85.158.185
Laun og launatengd gjöld	10.680.000	10.680.000	11.292.842	7.145.679
Greiddir styrkir	174.950.000	99.000.000	82.150.000	74.840.000
Annar skrifstofukostnaður	2.595.000	2.587.000	3.183.249	7.005.793
Gjöld samtals	188.225.000	112.267.000	96.626.091	88.991.472
Vaxtatekjur/gjöld	(600.000)	(400.000)	(818.932)	(750.000)
Gjöld	(600.000)	(400.000)	(818.932)	(750.000)
Rekstramiðurstaða	(12.025.000)	(11.517.000)	281.022	(3.083.287)

Rekstur skrifstofu

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	31.000.000	27.700.000	30.626.403	24.836.994
Framlag til reksturs FV	7.920.000	7.920.000	10.200.000	10.199.995
Framlag FV frá sóknaráætlun	1.000.000	2.700.000	2.500.000	(4.300.000)
Framlag til Sóknaráætlunar	0	0	2.090.914	1.350.000
Framlag frá Bygðasamlagi	0	600.000	0	1.200.000
Millifært á milli deilda		0	(4.700.000)	0
Aðrar tekjur	500.000	0	5.022.549	965.544
Tekjur samtals	40.420.000	38.920.000	45.739.866	34.252.533
Laun og launatengd gjöld	24.000.000	24.000.000	27.001.431	25.936.355
Önnur verkefni		0	3.643.914	0
Annar skrifstofukostnaður	8.380.000	9.124.000	15.719.781	6.349.670
	32.380.000	33.124.000	46.365.126	32.286.025
Afskriftir	0	0	11.568	140.354
Vaxtatekjur/gjöld	(240.000)	0	(731.112)	(694.767)
	(240.000)	0	(719.544)	(554.413)
Rekstrarniðurstaða	8.280.000	5.796.000	94.284	2.520.921

Þingskjal 7 Kjörbréfa-reikningur

Sveitarfélag	Aðalfulltrúi	Heildaratkvæðavægi		Vægi
		sveitarfélags	Athvæði í hvem sv. Mann	
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir	129		1,41%
Atkv. Á mann	Guðlaugur Aenar Ágústsson			
0	Ingólfur Benediktsson			
	Bjarnheiður Júlía Fossdal			
	Hrafna Þorvaldadóttir			
	Samtals mætt fyrir atkv.	0		
Bolungarvíkurkaunstaður		1418		15,53%
Atkv. Á mann	Bláður Smári Einarsson		202,57	
202,6	Guðbjörg S. Háfrósdóttir		202,57	
	Guðrún Steilla Gissurardóttir		202,57	
	Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir		202,57	
	Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir		202,57	
	Helga Svandís Helgadóttir		202,57	
	Margrét Jónmundsdóttir		202,57	
	Samtals mætt fyrir atkv.	1418		
Ísafjarðarbær		3707		40,59%
Atkv. Á mann	Arna Lára Jónsdóttir	x	411,89	
411,89	Kristján Andri Kristjánsson	x	411,89	
	Jónas Þór Birgisson	x	411,89	
	Nanný Anna Guðmundsdóttir	x	411,89	
	Gunnhildur Elíasdóttir	x	411,89	
	Marzellius Sveinbjörnsson	x	411,89	
	Sigurður Hreinsson	x	411,89	
	Kristín Hálfánardóttir	x	411,89	
	Daniel Jakobsson	x	411,89	
	Samtals mætt fyrir atkv.	3707		
Kaldrananeshreppur		327		3,58%
Atkv. Á mann	Finnur Ólafsson (Jenný fer með umboð)	x	65,4	
65,40	Ingólfur Ami Haraldsson (Jenný fer með umboð)	x	65,4	
	Jenný Jensdóttir	x	65,4	
	Matías Asbjörnsson (Jenný fer með umboð)	x	65,4	
	Guðbrandur Svarrison (Jenný fer með umboð)	x	65,4	
	Samtals mætt fyrir atkv.	327		
Revdhólahreppur		550		6,02%
Atkv. Á mann	Ágúst Már Gröndal	x	183,33	
183,33	Sandra Rún Björnsdóttir	x	183,33	
	Karl Kristjánsson	x	183,33	
	Samtals mætt fyrir atkv.	550,00		
Strandabyggð		902		9,88%
Atkv. Á mann	Jón Gíslí Jónsson			
180,40	Haraldur V. A. Jónsson			
	Ineibjörg Benediktsdóttir	x	180,40	
	Ásta Þórisdóttir			
	Ineibjörg Emilsdóttir	x	180,40	
	Samtals mætt fyrir atkv.	360,80		
Súðavíkurhreppur		588		6,44%
Atkv. Á mann	Steinn Ingi Kjartansson	x	117,60	
117,60	Guðbjörg Bergmundsdóttir	x	117,60	
	Eiríkur Valgeir Scott	x	117,60	
	Halldóra Þórusdóttir	x	117,60	
	Pætur G. Markan	x	117,60	
	Samtals mætt fyrir atkv.	588,00		
Tálknafjarðarhreppur		488		5,34%
Atkv. Á mann	Eva Dögg Jóhannesdóttir	x	97,60	
97,60	Ásgeir Jónsson	x	97,60	
	Berglind	x	97,60	
	Jón Örn Pálsson	x	97,60	
	Indriði Indriðasson	x	97,60	
	Samtals mætt fyrir atkv.	488,00		
Vesturbyggð		1024		11,21%
Atkv. Á mann	Frjðbjörg Matthíasdóttir	x	146,29	
146,29	Matías Jónsson			
	Vantar umboð			
	Gerður Sveinsdóttir	x	146,29	
	Ásgeir Sveinsson			
	Gefur Friðu umboð		146,29	
	Nanna Áslaug Jónsdóttir			
	Gefur Friðu umboð		146,29	
	Gíslí Egir Ágústsson			
	Gefur Friðu umboð		146,29	
	Halldór Traustason			
	Gefur Friðu umboð		146,29	
	Samtals atkvæði	877,71		
		9133		
	Samtals mætt fyrir atkv.			8316,51
	Mæting í %			91,06%

Þingskjal 8 Tillaga um breytingu 4. Gr. samþykkt**Tillögur millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga**

Álit millipinganevndar. Neðdarmenn í millipinganevndinni eru einhuga um að núverandi kerfi útreikninga á atkvæðavægi einstakra sveitarfélaga með vogtölu, sem er breytileg eftir íbúafjölda hverju sinni, þjónar ekki lengur tilgangi sínum bæði í ljósi þess að fyrri breytingartillögur hafa ekki verið samþykktar svo og vegna mögulegrar sameiningar sveitarfélaga í framtíðinni. Nauðsynlegt er því að fella niður núverandi kerfi og taka upp nýtt.

Skipan fulltrúa á þing og atkvæðavægi fulltrúa hjá öðrum landshlutasamtökum. Millipinganevnd FV skoðaði í vinnu sinni hvernig skipan fulltrúa og atkvæðavægi er háttað hjá öðrum landshlutasamtökum.

Á Íslandi eru átta landshlutasamtök starfandi; Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi-vestra (SSNV), Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Eyþing, Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) auk Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fyrirkomulag skipan fulltrúa og réttur til fundarsetu ásamt þátttöku í atkvæðagreiðslu á landsþingum landshlutasamtakanna, fyrir utan FV, er í flestum atriðum nokkuð svipaður. Hjá SSV, SSH, SASS, Eyþingi og SSA kjósa sveitarfélögin fulltrúa sína til setu á aðalfundi viðkomandi landshlutasamtaka og fer atkvæðavægi þar eftir íbúafjölda, þ.e mismunandi fjöldi íbúa á bak við hvern fulltrúa. Hjá SSNV á einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sæti á landshlutaþingi þess auk eins fulltrúa fyrir hverja byrjaða 400 íbúa í sveitarfélaginu. Hjá SSS eiga allir kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Tillögur til breytinga á 4. gr. samþykkt FV. Millipinganevnd FV leggur til breytingar á fyrirkomulagi og á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga: 1. Að útgáfa kjörbréfa í núverandi mynd verði hætt. 2. Að núverandi 4. gr. samþykkt FV falli niður en í þess stað komi ný 4. gr. sem verði:

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir fulltrúar á þing landshlutasamtakanna eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra til jafnmargra ára.

A. Sveitarstjórn skipar fjölda fulltrúa sína með atkvæðisrétti á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eftirfarandi: • Sveitarfélög með 400 íbúa eða færri - 1 fulltrúa. • Sveitarfélög með 401-2000 íbúa - 3 fulltrúa. • Sveitarfélög með 2001 íbúa og fleiri - 5 fulltrúa.

Leitast skal við að fulltrúar meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar séu kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti, sé því við komið. Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra í forföllum aðalmanna hafa rétt á að sækja þing Fjórðungssambands Vestfirðinga með málfrelsi og tillögurétti.

B. Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga er: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði og er miðað við íbúafjölda á áramótum.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds.